

Mál nr. 235/2020**M og
V v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A****Ágreiningur um hvort bótaskyld líkamstjón hafi orðið af völdum áreksturs.****Gögn.**

Málskot, móttekið 2.7.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.7.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Aðfaranótt 29. nóvember 2019 ók M bifreiðinni A aftan á aðra bifreið. Hann var fluttur á bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss. Samkvæmt bráðamóttökuskrá spítalans var hann talinn hafa fengið tognun á háls og vinstra hné. M leitaði til nafngreinds bæklunarlæknis og samkvæmt læknisvottorði læknisins, dags. 28. maí 2020, er M sagður hafa hlotið tognun á vinstri sjalvöðva, tognun á brjóstbak og tognun á vinstra hné. Þá hafi hann verið plagaður af höfuðverk og brenglun á sjón á vinstra auga. Hafi afleiðingar slyssins háð honum varðandi vinnu hans, áhugamál og almennt.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hann kveðst hafa orðið fyrir við slysið úr slysatryggingu ökumanns A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu úr vátryggingunni að frátöldu því að félagið muni endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu læknisskoðunar, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem fallið hafi til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið og að öðrum skilyrðum fullnægðum. Til stuðnings höfnun sinni hefur V vísað til útreiknings á þyngdarhröðun bifreiðanna við áreksturinn, svonefnds PC Crash útreiknings, sem félagið aflaði, en samkvæmt þeim útreikningi var líklegasta gildi þyngdarhröðunar A -1,60 g og líklegasta gildi þyngdarhröðunar bifreiðar þeirrar sem ekið var aftan á 1,71 g.

Álit.

Samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem í gildi voru er slysið varð, skyldi hver ökumaður sem stjórnar vátryggingarskyldu ökutæki tryggður sérstakri slysatryggingu og skyldi vátryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna. Bætur fyrir líkamstjón úr slysatryggingu þessari ákveðast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Auk sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns eru bótaliðir samkvæmt lögnum tímabundið atvinnutjón (2.gr.), þjáningar (3. gr.), varalegur miski (4. gr.) og varanleg örorka (5.-9. gr.).

Gögn um líkamstjón það sem M hlaut í slysinu 29. nóvember 2019 eru mjög takmörkuð eða einungis þau gögn sem að framan er getið. Þannig liggur m.a. engin matsgerð hæfra og óvillhallra aðila fyrir í málinu um hverjar séu þær líkamlegu afleiðingar sem hann býr við og rekja má til slyssins. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum, hefur ekki verið sýnt fram á að M eigi rétt á frekari bótum samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga vegna líkamstjóns síns en sjúkrakostnaðar sem V hefur þegar fallist á að greiða. Þegar af þessari ástæðu á M ekki rétt á frekari bótum úr slysatryggingunni. Í þessu sambandi skiptir fyrirbyggjandi útreikningur á þyngdarhröðun ökutækjanna við áreksturinn ekki máli fyrir úrslit málsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr lögmælti slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V, en félagið hefur þegar samþykkt að greiða.

Reykjavík, 8. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.